



Sveitarfélagið Vogar

## Greinargerð með fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2007 og rammaáætlun fyrir árin 2008- 2010

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga var lögð fram til fyrri umræðu þann 19. desember 2006 til seinni umræðu þann 9. janúar 2007.

Í áætluninni birtist sú stefna að vinna að uppbyggingu sveitarfélagsins ásamt því að halda uppi góðri þjónustu við íbúana og hlúa vel að skólum og umhverfinu.

### Almennar forsendur

Á sérstöku forsendublaði, sem er meðfylgjandi, er gerð grein fyrir megin forsendum áætlunar sem lögð er fram vegna fjárhagsársins 2007. Við áætlanagerðina er byggt á rauntölum ársins 2005 og útkomuspá fyrir árið 2006, og að minna leyti á áætlunum 2005 og 2006. Mjög mörgum liðum er breytt til samræmis við raunverulega útkomu ofangreindra ára og má því ætla að um raunhæfa áætlun sé að ræða. Bæjarráð, bæjarstjóri og forstöðumenn hafa farið yfir áætlunina á bæjarráðsfundi og gert tillögur að breytingum.

Áætlað er að tekjur í heild aukist um 9,5%. Gert er ráð fyrir að launakostnaður hækki um 18,3% frá upphaflegri áætlun ársins 2006, en standi í stað miðað við útkomuspá ársins 2006. Á árinu 2006 voru miklar hækkningar vegna áhrifa af nýjum kjarasamningum og starfsmati auk magnaukningar. Auk þess voru umtalsverðar hækkningar vegna eins skiptis aðgerða sem ekki er gert ráð fyrir á næsta ári, sem gerir það að verkum að launakostnaður stendur í stað milli ára.

Leitast er við að almennur rekstrarkostnaður annar en laun aukist ekki umfram nauðsynlegar breytingar vegna verðbólguáhrifa, magnaukningar í rekstri og framlaga. Til þess að þetta markmið náist þarf áfram að vera virkt aðhald í rekstri allra stofnana.

Atvinnuástandið í sveitarfélaginu hefur verið gott undanfarin misseri, en þann 18. desember voru 10 skráðir atvinnulausir í sveitarfélaginu.

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjölda íbúa 1. desember 2006 eru 1106 íbúar í Sveitarfélaginu Vogum, samanborið við 1018 þann 1. des 2005. Íbúum hefur því fjölgað um 8,6%, en gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi um 100 manns á árinu 2007, eða um 9%. Þannig er gert ráð fyrir að íbúafjölgun verði áfram langt umfram landsmeðaltal.

Fasteignamat ríkisins hefur gefið út nýtt fasteignamat sem er grundvöllur fasteignaskatta ársins 2007. Matsverð atvinnuhúsa og atvinnuhúsalóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða, svo og matsverð

bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum og matsverð hlunninda hækkar um 10%. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða hækkar um 15%.

#### **Skatttekjur og aðrar tekjur:**

Ekki eru áætlaðar breytingar á álagningarprósentum á árinu 2007. Álagningarprósenta útsvars er 13.03%. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur verði kr. 280.408 þús. Álagningarprósentur fasteignaskatts verða óbreyttar á árinu 2007 frá því sem var á árinu 2006, þ.e. 0,3% á A-hluta fasteigna og 1,5% á C-hluta fasteigna. Tekjur af fasteignaskatti eru áætlaðar kr. 34.615 þús. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru áætluð kr. 124.811 þús. og er miðað við sömu forsendur og síðustu ár. Lóðarleiga er áætluð kr. 8.545 þús. Reiknað er með að aðrar tekjur verði kr. 88.744 þús.

#### **Rekstrargjöld:**

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður við íþrótt- og æskulýðsmál hækki sérstaklega í kjölfar opunar nýrrar viðbyggingar við íþróttamiðstöð sem tekin verður í notkun í haust. Þar mun félagsmiðstöð og frístundaskóli verða til húsa. Auk þess er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður félagsmála hækki sérstaklega vegna reksturs á Stórheimili fyrir eldri borgara sem opnað verður seinni hluta ársins.

Rekstrargjöld samstæðu fyrir fjármagnsgjöld eru áætluð kr. 501.869 þús. eða 101% af áætluðum heildartekjum ársins 2007 sem eru kr. 499.251 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld er áætluð neikvæð kr. 2.618 þús. kr. Rekstrarniðurstaða með fjármagnsgjöldum er áætluð neikvæð kr. 40.771 þús. kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði kr. 70 þús.

Áður hefur verið nefnt að beitt verður virku aðhaldi í rekstrarkostnaði stofnana og almenn stefna er að hann hækki ekki umfram það sem áður var fram komið í almennum forsendum nema um verulegar magnbreytingar verði að ræða. Unnið verður með forstöðumönnum stofnana að því að ná settum markmiðum og því að halda hækkun reksrargjalda í skefjum. Lögbundna þjónusta þarf að sjálfsögðu að inna af hendi en önnur valkvæð þjónusta þarf að vera í stöðugu endurmati og greina þarf hvort veitt þjónusta er í öllum tilfellum nauðsynleg og einnig hvort einkaaðilar geta e.t.v. annast þjónustupætti jafnvel eða betur.

#### **Fjárfestingar:**

Helstu framkvæmdir á árinu 2007 verða áframhaldandi uppbygging viðbyggingar við íþróttamiðstöð og Stórheimili fyrir eldri borgara sem tekin verða í notkun á árinu. Þá standa yfir og verður framhaldið umhverfis- og gatnagerðarframkvæmdum fyrir vel á annan tug millóna kr. Um er að ræða framkvæmdir á nýbyggingarsvæðum í Dalshverfi, Akurgerði og við íþróttamiðstöðina.

Við ákvörðun um fjárheimildir til fjárfestinga er settur rammi sem gerir ráð fyrir að Eignasjóður fái um kr. 50.450 þús. kr. og er þar af gert ráð fyrir að um kr. 17.000 þús. renni til gatna- og umhverfisframkvæmda, en um 33.000 þús. til kaupa á búseturétti í Stórheimilinu.

#### **Lántaka og greiðslubyrði lána:**

Stefnt er að því að efla lausafjárstöðu bæjarsjóðs með það að markmiði að þörf fyrir skammtímafjármögnun með yfirdráttarlánum minnki og fjármagnskostnaður haldist með því í lágmarki.

Greiðslubyrði lána er reiknuð út frá stöðu langtímalána og skilmálum sem á þeim eru. Stefnt er að því að endurfjármagna og skuldbreyta lánunum á næsta ári til að lækka greiðslubyrði og ná fram hagstæðari vaxtaþrósentum. Auk þess er gert ráð fyrir að tekið verði lán að fjárhæð 110 milljónir kr. til að fjármagna rekstrarhalla ársins, fjárfestingar og til að greiða upp skammtímaskuldir vegna ársins 2006.

Samtals er greiðslubyrði vegna langtímaskulda með fjármagnsgjöldum áætlaðar 44.815 þús. kr. eða um 9% af áætluðum heildartekjum ársins. Leigugreiðslur vegna rekstrarleigu á húsnæði eru áætlaðar 66.155 þús. kr. eða um 13% af áætluðum heildartekjum ársins.

#### **Meginstefna fjárhagsáætlunar 2007:**

Gert er ráð fyrir halla á rekstri sveitarfélagsins árið 2007. Síðustu ár hefur verið hallarekstur á reglulegri starfsemi, þ.e. fyrir sölu eigna. Brýn nauðsyn er á því að snúa þeirri þróun við og er með þessari áætlun stefnt að bata í rekstrarniðurstöðu sveitarsjóðs, þó svo enn verði rekstrarhalli. Þetta er í samræmi við þá meginstefnu sem sett er fram með 3ja ára áætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2008 – 2010 að sveitarfélagið hyggst taka á rekstrarvanda sínum með því að nýta innviði sveitarfélagsins þannig að íbúafjölgun skili framtíðartekjum. Sú áætlun var lögð fram til fyrri umræðu samhliða fjárhagsáætlun ársins 2007 svo bæjarfulltrúar geti séð áætlaða þróun mála næstu árin.

Samkvæmt þeirri áætlun er stefnt að því að ná fram hallalausum rekstri og auknu veltufé frá rekstri, þannig að á árunum 2008- 2010 verði ekki tekin ný lán til rekstrar. Svo það markmið náist verður að beita miklu aðhaldi í rekstri sveitarfélagsins næstu árin. Um leið er stefnt að því að veita íbúum lögbundna og valkvæða þjónustu sem stenst samanburð við hvaða sveitarfélag sem er, þannig að íbúapróun verði áfram jákvæð og tekjur aukist.

Framtíð Sveitarfélagsins Voga er björt. Mikil íbúafjölgun hefur verið síðustu ár og von er á áframhaldandi fjölgun næstu árin. Fjölgun íbúa hefur kallað umtalsverðar fjárfestingar og fyrirséð er að stækka þurfi skóla og leikskóla á næstu árum. Bæjarstjórn telur að sú tekjuaukning sem fylgir auknum fólksfjölda, ásamt aðhaldi í rekstri muni skila betri árangri í rekstri á næstu árum. Í því sambandi er vísað til þriggja ára áætlunar sveitarfélagsins fyrir árin 2008-2010

Bæjarráð, bæjarstjóri og forstöðumenn stofnana hafa farið vandlega yfir reksturinn og telja má áætlunina raunhæfa fyrir sveitarfélag í miklum vexti. Rekstrarhalla má skýra með mikilli fjölgun íbúa og þar með aukinni þjónustu, meðan tekjur skila sér hægar inn. Ljóst er að á næsta ári er nauðsynlegt að gæta mikils aðhalds og halda áætlun svo hægt verði að ná rekstrinum í jafnvægi á næstu árum. Bæjarráð mun á árinu, í samstarfi við forstöðumenn, halda áfram að skoða rekstur sveitarfélagsins með það að markmiði að finna leiðir til hagræðingar.

Áætlunin ber þess merki að stefnan er að byggja upp fjölskylduvænt samfélag í Sveitarfélaginu Vogum. Sú stefna kemur meðal annars fram með gjaldfrjálsum skólamáltíðum og tvöföldun niðurgreiðslna til dagforeldra. Markmið þeirrar aðgerðar að gera dagmæðraþjónustu að raunhæfum valkosti við leikskóla, þar með draga úr þrýstingi á yngstu deild leikskólans.

Útgjöld til málefna aldraðra, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamála og fræðslumála vaxa umtalsvert og munu íbúar sveitarfélagsins áfram búa við góða þjónustu. Hátt þjónustustig er forsenda þess að íbúum líði vel í sveitarfélaginu, og þar með fyrir áframhaldandi uppbyggingu og fólksfjölgun í sveitarfélaginu.

## **Greinargerð með þriggja ára rammaáætlun 2008-2010**

Þriggja ára áætlun Sveitarfélagsins Voga fyrir árin 2008-2010 var lögð fram til fyrri umræðu samhliða seinni umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2007, þann 9. janúar 2007. Seinni umræða fer fram þann 6. febrúar 2007.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og íbúafjölgun á árunum 2008 til 2010. Í bígerð er að byggja um 100 íbúða hverfi og miðbæjarkjarna á horni Stapavegar og Vogabrautar. Auk þess er gert ráð fyrir að uppbygging hefjist á allt að 400 íbúða hverfi við Grænuborg og ráðgert er að skipuleggja um 200 íbúða byggð austan við núverandi byggð. Gert er ráð fyrir því að íbúar í Sveitarfélaginu Vogum verði tæplega 1.500 undir lok tímabilsins.

### **Forsendur**

Nokkrar af almennum og sértækum forsendum þriggja ára rammafjárhagsáætlunar fyrir árin 2008-2010 eru eftirfarandi:

- Áframhaldandi hröð og mikil uppbygging í bæjarfélaginu sem mun styrkja enn frekar og efla bæjarmynd Sveitarfélagsins Voga.
- Uppbyggingin kallar almennt á miklar stofnfjárfestingar í grunn- og leikskóla.
- Áætlað er að íbúum fjölgi árlega að meðaltali um 7% og tekjur bæjarins af útsvari og fasteignagjöldum hækki samsvarandi.
- Áætlunin er á verðlagi ársins 2007 að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir verðbótum á vexti verðtryggðra lána.
- Ekki er áætlað sérstaklega fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum því gert er ráð fyrir að þær leiði til hækkunar útsvars sem mæti þeim launahækkunum að mestu.
- Rekstrarkostnaður er reiknaður upp miðað við áætlaða aukningu vegna íbúafjölgunar og þar með aukningu í þjónustumagni.
- Gert er ráð fyrir að rekstrar- og launakostnaður aukist sérstaklega vegna eftirfarandi.
  - Þjónustumiðstöðvar við Stórheimili frá og með 1. jan 2008.
  - Nýrrar deildar við leikskólann frá og með miðju ári 2008.
  - Viðbyggingar Stóru- Vogaskóla frá og með miðju ári 2009.

### **Fjárfestingar**

Gerð er grein fyrir helstu fjárfestingarverkefnum bæjarins í eftirfarandi töflu.

- Gert er ráð fyrir að fjárfesta fyrir um 415 milljónir kr. á tímabilinu 2008-2010.
- Þar af í gatnagerð og veitum fyrir um 265 milljónir og í húsnæði fyrir um 150 milljónir.
- Gert er ráð fyrir nýrri lántöku á tímabilinu 2008-2010 að fjárhæð 75 milljónir kr. til að standa straum af kostnaði við fjárfestingar í nýjum hverfum.

### **Meginstefna fjárhagsáætlunar 2008-2010**

Með þessari áætlun er lögð fram sú meginstefna sveitarfélagsins fyrir árin 2008 – 2010 að sveitarfélagið hyggst taka á rekstrarvanda sínum með því að nýta innviði sveitarfélagsins þannig að íbúafjölgun skili framtíðartekjum. Niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2007 og stefnumörkun varðandi þriggja ára rammaáætlun til ársins 2010 sýnir að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er veik, en fer batnandi er líður á tímabilið. Til að þessi árangur megi nást er mikilvægt að beitt verði virku kostnaðareftirliti, skipulegri skuldastýringu, og leitað verði leiða til hagræðingar. Samhliða verði markvisst sótt fram til uppbyggingar og framþróunar í

bæjarfélaginu, hvort heldur er með fjölgun íbúa eða atvinnufyrirtækjum. Verkefnið er skýrt. Tekjur þurfa að aukast, án þess að útgjöld aukist jafn hratt eða hraðar.

Sveitarfélagið Vogar er í mikilli sókn og verður það áfram. Sóknarfærin eru mörg og í sameiningu verðum við að grípa þau og gera sem mest úr þeim. Sveitarfélagið Vogar er eftirsóttur og áhugaverður búsetustaður, en samkeppni milli sveitarfélaga um fólk og fyrirtæki hefur farið vaxandi undanfarin ár hér á suðvesturhorninu. Það skiptir því afar miklu máli að við daglega stjórn og rekstur bæjarfélagsins sé horft til þess að veita góða og metnaðarfulla þjónustu. Það skref sem stigið var með upptöku gjaldfrjálsra skólamáltíða hefur mælst mjög vel fyrir og vakið verðskuldaða athygli, sem er mjög mikilvægt í samkeppninni.

Við höfum staðið okkur vel í þeirri samkeppni og það er full ástæða til að þakka öllum þeim starfsmönnum sveitarfélagsins og öðrum íbúum sem hafa lagt sitt af mörkum við að skapa og byggja upp þessi sóknarfæri og þann árangur sem náðst hefur. Það er bjart framundan í Vogum í vaxandi og kröftugu bæjarfélagi.

## Forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2007

### Íbúapróun

- 9% fjölgun milli 2006 og 2007, eða um 100 einstaklingar
- Samkvæmt bráðabirgðatölum 1. des 2006 eru 1106 íbúar í Sveitarfélaginu Vogum og gert ráð fyrir að þeir verði 1206 í lok árs 2007.

### Tekjuþróun

- Staðgreiðslugrunnur hækki um 9,5% vegna launahækkana og íbúafjölgunar
- Fasteignaskattsgrunnur íbúðahúsnæðis hækki um 15% vegna fjölgunar eigna og hækkunar á fasteignamati.
- Fasteignaskattsgrunnur atvinnuhúsnæðis hækki um 10% vegna hækkunar á fasteignamati.

### Verðlagsbreytingar

- Gert er ráð fyrir 4,5% verðbólgu á árinu 2007

### Breytingar á kjarasamningum

- Laun eru reiknuð upp miðað við gildandi kjarasamninga og þær breytingar sem væntanlegar eru á næsta ári.

### Vaxtabreytingar

- Gert er ráð fyrir endurfjármögnun lána á árinu ef vaxtaforsendur verða hagstæðar.

### Gengisbreytingar

- Gengistryggð lán eru óverulegur hluti lánasafnsins.
- Hinsvegar eru 45% skuldbindingar vegna leigusamninga bundnir í Evrum. Leigugreiðslur eru áætlaðar miðað við gengi í júní 2006.

### Gjaldskrárbreytingar.

- Álagningarhlutföll verða óbreytt frá árinu 2006.
- Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hækka um 30% vegna hækkandi rekstrarkostnaðar Kólku. Hækkunin er samræmd yfir þau sveitarfélög sem standa að Kólku.
- Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld verða innheimt fyrir hverja tunnu, í stað hveirrar íbúðar.
- Gjaldskrá vegna félagslegrar heimþjónustu og matarbakka hækkar um 10% vegna verðlagsbreytinga.
- Gjaldskrá frístundaskóla hækkar um 15%, m.a. vegna hækkandi rekstrarkostnaðar í nýju húsnæði. Gjaldið verður áfram lægri en í Reykjanesbæ og Reykjavík.
- Gjaldskrá leikjanámskeiða hækkar um 15%, miðað er við að gjöldin standi straum af rekstrarkostnaði, en sveitarfélagið greiði laun.
- Gatnagerðargjöld hækka að meðaltali um 15%, en verða áfram lægri en í nágrennasveitarfélögum.
- Byggingaleyfis- og heimæðagjöld hækka um 10% vegna verðlagsbreytinga.
- Niðurgreiðslur til dagmæðra hækka um u.þ.b. 100%. Markmið að gera dagmæðraþjónustu að raunhæfum valkosti við leikskóla, auk þess að létta þrýstingi af yngstu deild leikskólans.
- Viðmiðunartekjur vegna afsláttar af fasteignagjöldum til eldri borgara hækka um 15%.
- 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignasköttum verður veittur sé greitt fyrir 20. febrúar. Afslátturinn nær ekki yfir þjónustugjöld sem innheimt eru með fasteignasköttum.